

# AFRÍKA

## SUNNAN SAHARA Í BRENNIDEPLI

Ritstjórar:

Jónína Einarsdóttir og Þórdís Sigurðardóttir



HÁSKÓLAÚTGÁFAN OG AFRÍKA 20:20

2007

# Birtingar- myndir fátæktar

Margrét Einarsdóttir  
og Pétur Waldorff

og nær allir, sem vettlingi gátu valdið, voru uppteknir við brauðstritið. Um aldamótin 1800 voru lífslíkur Evrópubúa um 40 ár sem er svipað og í mörgum fátækustu ríkjum heims í dag. Á síðustu tveimur öldum hafa orðið gríðarlegar breytingar í hagsögu þeirra þjóða sem í dag teljast ríkar þar sem hagvöxtur hefur verið viðvarandi og velmegun og fólksfjölgun fylgt í kjölfarið. Á þessu tímabili hefur fólksfjöldinn í heiminum aukist sexfalt. Árið 2007 eru íbúar jarðarinnar um 6,7 milljarðar, en talið er að þeir hafi verið um 900 milljónir um aldamótin 1800. Þjóðartekjur á mann í hinum ríku hlutum heimsins nífölduðust á þessu sama tímabili.

Bylting í tækni og vísindum á 19. og 20. öld er fyrst og fremst talin hafa stuðlað að ríkidæmi Vesturlanda, auk þess sem almenn menntun jókst og heilsufar batnaði. Landbúnaður var tæknivæddur, stóriðnaður kom til sögunnar, samgöngur bötnuðu og sjálfsþurftarþúskapur lagðist að mestu leyti af. Lýðræðis- og mannréttindabaráttan, allt frá frönsku byltingunni árið 1789 og fram á okkar daga, hefur einnig átt þátt í því að stuðla að velmegun.

**F**átækt er almennt talin meðal meginvandamála Afríku. Tölfræðilegar skýrslur sýna að Afríka er sú heimsálfa þar sem hvað minnstar efnahagslegar framfarir hafa orðið undanfarna áratugi. En hvað er fátækt og hvaða augum lítum við hana? Er nóg að skilgreina fátækt einvörðungu út frá efnahagi þjóða og einstaklinga? Í þessum kafla verður varpað ljósi á fátækt og birtingarmyndir hennar í Afríku, m.a. með því að líta í okkar eigin sögu og sýna dæmi um hvernig fjallað var um fátækt á Íslandi á 18. öld.

Fyrir um það bil tvö hundruð árum má segja að allir íbúar jarðarinnar hafi verið fátækir nema keisarar, konungar, landeigendur og aðrir höfðingjar. Alþýða manna var fátæk

## Skilgreining fátæktar

Myndir af fátækt og eynd eru algeng sjón í fréttatímum sjónvarpsstöðva og á forsíðum dagblaða á Vesturlöndum. Sjá má myndir af sveltandi afrískum börnum með þrútinn maga og aflitað hár vegna næringarskorts. Við fylgjumst með heimilislausum betlurum í stórborgum, fólki sem þarf að búa í þröngum flóttamannabúðum vegna styrjalda og fjölskyldum sem hafa misst allt sitt í náttúruhamförum. Þessi örbirgð er alvarlegasta mynd fátæktar og snertir fólk djúpt en birtingarmyndirnar eru þó fleiri.

Umræða um fátækt á heimsvísu er frekar ný af nálinni. Að mæla fátækt innan ríkja og á milli ríkja og síðan úrskurða að sumar þjóðir séu fátækar og aðrar ríkar, miðað við þjóðartekjur á mann, er einnig hugmynd frá seinni tímum.

Alþjóðlegar þróunarstofnanir hafa nú víkkað skilgreininguna á fátækt. Áður fyrr var eingöngu litið á efnahagslegar aðstæður en nú er horft á fleiri þætti og viðurkennt að fátækt er flókið fyrirbæri sem verður til við samspil margra þátta. Af þessum þáttum er mest fjallað um efnislega fátækt, menntunarleysi og heilsuleysi þótt fleiri þættir séu vissulega fyrir hendi. Samkvæmt skilgreiningu Alþjóðabankans er fátækt skortur á velferð, þ.e. það að vera fátækur er að vera svangur, án skjóls og fata, vera veikur án þess að fá hjúkrun eða læknishjálp, að vera ólæs og fá ekki að ganga í skóla og að vera valdalaus og hafa ekki tök á að breyta eigin lífsskilyrðum.

Hagfræðingurinn og Nóbelsverðlaunahafinn Amartya Sen heldur því fram að fátækt sé það að geta ekki tekið fullan þátt í samfélaginu. Hann skýrir fátækt sem skort á valmöguleikum og getu til að breyta því frekar en skort á efnislegum auði. Samkvæmt þessu hafa fátækir m.a. ekki sömu tækifæri til menntunar sem skerðir hæfni þeirra til að keppa á vinnumarkaðinum. Þar gætu spilað inn í þættir eins og búseta, kynferði, þjóðerni og litarháttur sem geta leitt til þess að einstaklingar hafi ekki þann kost að taka fullan þátt í samfélaginu.

Fátækt má finna í einhverri mynd í öllum samfélögum. Algengt er að fólk miði stöðu sína við aðra meðlimi samfélagsins og því má finna fátækt að einhverju leyti í samfélögum sem margir myndu telja vel stæð. Félagsfræðingurinn Peter Townsend, sem rannsakaði fátækt í Bretlandi í lok áttunda áratugar síðustu aldar, heldur því fram að þegar skilgreina á fátækt skipti ekki máli hve mikið einstaklingurinn á heldur hve mikið hann á í samanburði við aðra innan samfélagsins. Þetta útskýrir hann á þann hátt að fólk sé talið fátækt þegar það hefur ekki handa á milli nægilegt fé til þess að njóta þeirra hluta sem taldir eru eðli-

legir og sjálfsagðir í því samfélagi sem það lifir í. Samkvæmt þessu er sá maður fátækur sem hefur ekki ráð á að lifa „venjulegu“ lífi í því samfélagi sem hann tilheyrir og er þar af leiðandi útilokaður frá vissum þáttum þess. Dæmi um þetta er barn sem ekki hefur aðgang að sjónvarpi á Vesturlöndum. Jafnvel þótt það fái nægan mat og sé heilsuhaust getur það talist fátækt sökum þess að það getur ekki tekið þátt í þeim samræðum innan skólans og á meðal vina sem tengjast efni úr sjónvarpinu. Þannig getur munaðarvara í einu samfélagi orðið að nauðsynjavöru annars staðar. Einnig ber að hafa í huga að margir þættir geta stuðlað að fátækt einstaklinga og hópa þar sem tekjur eða efnahagur koma ekki við sögu, svo sem valdleysi, niðurlæging, félagsleg einangrun, fötlun, veikindi og misrétti.

Erfitt er að sameinast um skilgreiningar og mælikvarða á fátækt. Jafnvel þó að fræðimenn vissu upp á hárfvæð íbúar heimsins væru með í tekjur og hvernig þær dreifðust á milli ríkra og fátækra væri aðeins hægt að nýta þær upplýsingar upp að vissu marki þar sem þær segja aðeins hluta sögunnar. Skilgreiningar á fátækt út frá efnahagslegum forsendum hafa verið gagnrýndar og halda sumir því fram að þessi einföldu, tæknilegu og mælanlegu viðmið hafi verið búin til af sérfræðingum til að auðvelda þeim vinnu sína við að mæla fátækt. Skilgreiningarnar taki ekki mið af hinum breytilegu aðstæðum sem þeir fátæku lifa við. Réttara er, eins og gert er í mörgum tilvikum nú orðið, að mæla fátækt út frá fleiri þáttum eins og aðgengi að heilsugæslu, menntun og félagslegu og fjárhagslegu öryggi. Ef skilgreiningin á fátækt fer eftir því úr hvaða samfélagslega jarðvegi hún er spröttin getur fátækur maður í einu samfélagi verið ríkur í öðru og öfugt. Þannig tengist fátæktin einnig sjálfsmynd þjóða eða þjóðfélagsþróun en ekki einungis



Fullorðinsfræðsla í Malaví.  
Ljósma.: Guffi

tekjum þeirra og efnahag. Til að mynda eru fátækir í stórborgum Vesturlanda með mun meira fé handa á milli en fátækir í Afríku, en á sama tíma þjást þeir oft af sárari efnislegum og félagslegum skorti en Afríkubúar. Fátækur maður í Afríku, sem aflar minni tekna en sem nemur einum Bandaríkjadal á dag, lifir samkvæmt skilgreiningu alþjóðlegra stofnana við mikla örbirgð. Hann gæti samt sem áður lifað auðugra lífi, bæði efnislega og félagslega, en fátækur Evrópu-búi þar sem hann býr við aðrar samfélagslegar aðstæður.

Alþjóðlegir fátæktarstaðlar gefa ekki endilega nægar vísbendingar um hvar í heiminum fólk býr við lökustu líf skjörin heldur frekar hvar mestan eða minnstan fjárhagslegan auð er að finna. Í borgarsamfélögum Vesturlanda eru fátæklingar oft jaðarhópar sem eiga sér enga rödd og lifa í ákveðnum vítahring jafnvel þótt mælistikan sýni að þeir hafi meira en einn dal á dag sér til framfærslu, geti sótt sér læknishjálp og sent börnin sín í skóla. Afrískur bóndi lifir hins vegar oft á tíðum við sömu kjör og fólkið í nánasta umhverfi hans og er ekki endilega álitinn fátækur þó svo að tekjur hans séu undir alþjóðlegum fátæktarmörkum.

### Hver er fátækur?

Landbúnaðarráðgjafi frá Vesturlöndum, sem er í heimsókn hjá afrískum bónda, spyr: „Hvers vegna situr þú hér undir pálmatrénu og horfir út yfir akurinn? Þú ættir að vera mun duglegri við ræktunina“. Bóndinn spyr hvers vegna hann ætti að vinna meira en hann hafi gert og ráðgjafinn svarar: „Ef þú ræktaðir meira hefðir þú efni á að kaupa þér traktor og brjóta meira af landi til ræktunar“. „Og hvers vegna ætti ég að gera það?“ spyr bóndinn. „Jú“, segir ráðgjafinn, „þá gætir þú ráðið til þín starfsfólk og byggt glæsilegt hús með stórrí verönd“. „Já, en til hvers?“ spyr bóndinn og ráðgjafinn svarar: „Svo að þú getir setið í skugganum á veröndinni og horft yfir landið þitt“. „En það er jú einmitt það sem ég geri á hverjum degi“ svarar bóndinn.

### Fátækt og þróun

Þróun er mikilvægt hugtak og nátengt umræðunni um fátækt. Hvaða merkingu hefur þetta hugtak? Er hægt að halda því fram að samfélög Vesturlanda séu þróaðri en samfélög Afríku, einfaldlega vegna þess að tekjurnar eru hærri og tæknivæðingin meiri?

Markmið þróunar og þróunarsamvinnu er að draga úr fátækt og koma á velsæld en andstæða hennar er það að lifa við slæm kjör. Fjárhagslegur auður og velsæld er ekki sami hluturinn þótt þetta tvennt fari oft saman. Tengslin þarna á milli eru óskýr þar sem velmegun felur í sér fleira en fjárhagslegt öryggi, t.d. félagslega velferð og andlega vellíðan sem hefur í för með sér enn aðra þætti eins og öryggi, heilsuhreysti og frelsi, svo eitt-hvað sé nefnt. Örbirgð og eymd fara alltaf hönd í hönd en velsæld og fjárhagslegur auður fara ekki alltaf saman. Kjör fólks batna og velsæld eykst þegar dregur úr fátækt en söfnun fjárhagslegs auðs tryggir ekki sjálfkrafa velsæld. Til að mynda má sjá að sumar þjóðir standa sig vel samkvæmt mælingum á lífskjarþróun þrátt fyrir lágar þjóðartekjur á mann. Sem dæmi um þetta má taka Kúbu og Kostaríku á meðan að aðrar þjóðir skora lágt á slíkum mælikvörðum þrátt fyrir tiltölulega háar þjóðartekjur á mann eins og t.d. Sádi-Arabía.

Hugtakið þróun hefur að mati ýmissa fræðimanna og þá sérstaklega mannfræðinga fengið þjóðhverfa merkingu en þjóðhverfa kallast það þegar annað fólk og hegðun þess er dæmd út frá mælikvarða og gildismati eigin menningar. Grunnurinn liggur í hugmyndum um hvað er gott og vont samkvæmt hugmyndakerfi eigin menningar. Þjóðhverfa lýsir einnig þeirri kennd að trú á yfirburði eigin þjóðar í samanburði við aðrar. Þjóðhverfa getur verið yfirfærð á þjóðernishópa og aðra hópa. Þróunarhyggjan var lengi vel ein helsta kenningin innan mannfræðinnar sem var notuð til þess að útskýra hvernig einföld, „hefðbundin“ samfélög þróuðust í flóknari samfélög. Í kenningunni er ráð fyrir því gert að eitthvað



Malavísk börn við heimili sitt.  
Ljós.: Gunnar Salvarsson

## MAGRÉT EINARSDÓTTIR OG PÉTUR WALDORFF

Þróist áfram, breytist og verði betra og almennt lítið svo á að þeir sem taldir eru þróaðri séu betri og hæfari. Það vísar til þess að til sé fastákveðin, línuleg þróun-  
arbraut sem öll ríki heimsins muni feta og Vesturlönd séu komin lengst á þeirri  
braut en flest önnur ríki skemur. Við enda brautarinnar er takmarkinu náð og  
takmarkið er samkvæmt kenningunni góð lífskjör, háar tekjur, almennt heil-  
brigði, menntun, tæknivæðing og öryggi þegnanna.

Þróun er flókið ferli, samsett úr pólitískum, samfélagslegum og efnahagsleg-  
um þáttum, og með því að stuðla að breytingum til hins betra á öllum þessum  
sviðum er unnið að því að draga úr fátækt í heiminum. Á undanförunum árum



Malavískur hjólreiðamaður flytur kolapoka.  
Ljós.: Gunnar Salvarsson

hafa ríkisstjórnir flestra þróunarríkja sett saman stefnuskýrslur eða þjóðaráætlanir  
sem ætlað er að draga úr fátækt og færa viðkomandi þjóðir upp á við á þróunar-  
og fátæktarmælikvörðunum.

Í skýrslu Þróunarstofnunar Sameinuðu þjóðanna frá árinu 2002 er fjallað um  
stöðuna í baráttunni við fátækt á heimsvísu. Höfundar skýrslunnar sýna fram á

að þó að ýmislegt bendi til þess að lífskjör jarðarbúa hafi að ýmsu leyti batnað sé ljóst að á mörgum stöðum hefur þróunin staðið í stað og sums staðar jafnvel gengið til baka, eða eins og segir í inngangi skýrslunnar: „Efnahagslega, stjórnmálalega og tæknilega hefur heimurinn aldrei virst jafn frjáls – eða jafn óréttlátur“. Samkvæmt þessari sömu skýrslu minnkaði hlutfall jarðarbúa sem lifði við sára fátækt, þ.e. innan við einn dal á dag, úr 29% árið 1990 í 23% árið 1999. Hlutfall fátækra hefur því lækkað nokkuð undanfarin ár og má helst skýra það með auknum hagvexti í Kína og á Indlandi.

Þegar skoðaðir eru einstakir þættir má t.d. sjá að hlutfall barna sem ganga í skóla hefur hækkað og sömuleiðis hafa fleiri aðgang að drykkjarhæfu vatni nú en árið 1990. Þó er ástandið enn þannig að rúmlega 30 þúsund börn deyja á hverjum degi úr læknanlegum sjúkdómum. Verst er ástandið í Afríku sunnan Sahara þar sem lífskjör hafa dalað á síðustu áratugum og lífsskilyrði þeirra fátækustu hafa versnað.

Tuttugu Afríkuríki, þar sem meira en helmingur íbúa álfunnar býr, eru fátækari í dag en þau voru árið 1990 og hlutfall einstaklinga sem lifa á minna en einum dal á dag, sem er hátt í helmingur Afríkubúa, hefur lítið sem ekkert breyst frá árinu 1990. Þar sem fólksfjölgun hefur verið mikil á sama tíma þýðir það að fátækum hefur fjölgað á svæðinu en skýrsla Sameinuðu þjóðanna segir fjölda þeirra sem lifa við mikla örbirgð í Afríku sunnan Sahara hafa aukist úr 242 milljónum manna árið 1990 í 300 milljónir í lok tíunda áratugarins.

## Fátækt á Íslandi á 18. öld

Öllum er hollt að huga að sögu eigin lands og þjóðar þegar þeir velta fyrir sér þróun og fátækt í Afríku nú á tímum. Ef við skoðum Íslandssöguna sjáum við að Íslendingar, sem samkvæmt mælikvarða Sameinuðu þjóðanna eru meðal ríkustu þjóða heims, voru við upphaf 20. aldar ein af fátækustu þjóðum Evrópu. Íslendingum er tamt að líta á 18. öldina sem tíma óáranar og niðurlægingar í sögu þjóðarinnar. Valdið var að langmestu leyti í höndum danskra embættismanna, Alþingi hafði verið afnumið og biskupsstólarnir og skólarnir þar voru lagðir af í lok aldarinnar. Drepsóttir, eldgos og hallæri geisðu á fárra ára fresti og í móðuharðindunum var höggvið svo nærri Íslendingum að kalla má kraftaverk að þjóðin lifði af.

Danakonungur og ráðuneyti hans lögðu á ráðin um hvernig koma mætti landsmönnum til bjargar. Nefndir voru skipaðar og konungsbréf skrifuð en allt



## MAGRÉT EINARSDÓTTIR OG PÉTUR WALDORFF

kom fyrir ekki. Í Kaupmannahöfn störfuðu á þessum tíma ýmsir íslenskir menntamenn sem tók sárt að sjá þjóð sína svo niðurbrotna og fátæka eftir allar þær hörmungar sem riðið höfðu yfir hana. Árið 1770 var skipuð landsnefnd sem hafði það hlutverk að kynna sér hagi lands og þjóðar og setja fram tillögur um hvaðeina sem gæti komið þjóðinni til viðreisnar og framfara. Í nefndinni sátu Danir sem áttu það sammerkt að hafa áhuga og þekkingu á Íslandsmálum. Starf þessara manna var í mörgu svipað starfi þróunarstarfsmanna og ráðgjafa samtímans sem vinna í fátækum ríkjum Afríku með það markmið að aðstoða stjórnvöld við að draga úr fátækt. Þetta kemur vel fram í erindisbréfi konungs þar sem landsnefndinni var m.a. falið að:

- Athuga orsakir fólksfækkunar og hvernig mætti sporna gegn henni.
- Athuga hvaða ráð væru til þess að fjölga svo lærdum læknum og ljósmæðrum í hinni dreifðu byggð að almenningur næði til þeirra í tæka tíð.
- Kanna hvernig auka mætti fiskveiðar.
- Kanna á hvern hátt væri hægt að koma á frjálstri verslun.
- Athuga hvaða umbætur væri hægt að gera í jarðrækt.

Markmiðið var að reisa við atvinnuvegi landsins og draga þannig úr fátæktinni og skortinum sem hrjáði Íslendinga á þessum tíma. Landsnefndin vann í raun mikið verk og til starfs hennar má rekja setningu laga og ýmsar tilraunir sem unnið var að með það að markmiði að bæta lífskjör þjóðarinnar. Sem dæmi má nefna þúfnatilskipunina um sléttun túna og ekki síst afnám einokunarverslunarinnar að hluta til, en hún hafði hneppt landsmenn í viðskiptafjötra í hartnær tvær aldir.

Í kjölfar landsnefndarinnar voru ýmsir lærðir Íslendingar sendir frá Kaupmannahöfn til að kanna hvernig efla mætti atvinnuhætti landsmönnum til hagsældar. Einn þeirra var Ólafur Olavíus sem var umhugað um að aðstoða samlanda sína og gera þá sjálfbjarga. Ólafi var falið að kanna afskekktar strendur landsins og rannsaka hvort ekki væri hægt að hefja byggð að nýju á þeim stöðum sem komnir voru í eyði. Einnig átti hann að rannsaka hvernig efla mætti útgerð og siglingar.

Margir falla í þá gryfju í dag rétt eins og á fyrri öldum að kenna hinum fátæku um eynd sína og saka þá um leti og framtaksleysi. Íslendingar fóru ekki varhluta af þeirri umræðu á hörmungarárum sínum. Einn þeirra útlanda sem rituðu



Prúðbúin fjölskylda við bæjarþil á Egilsstöðum í byrjun 20. aldar.  
Ljósrm.: Vigfús Sigurðsson/Ljósmyndasafn Íslands

um Ísland og íslenska þjóð var Johann Andersson borgarstjóri í Hamborg. Hann hafði heimsótt landið rétt fyrir miðja 18. öld og gaf út rit um ferð sína árið 1746 sem enn eru í minnum höfð, ekki síst vegna illra lýsinga bæði á landi og þjóð. Lýsingar Anderssons borgarstjóra fóru fyrir brjóstið á Íslendingum og Ólafur tjáir undrun sína á slíkum lygiskrifum um þjóðina.

Í *Ferðabók Ólafs Olavíusar* (1964, 135) segir að svo virðist sem Andersson skorti alla hófsemd og varkárni þótt honum sé hrósað fyrir gáfur og lærdóm: „Að öðrum kosti hefði hann aldrei komið sjálfum sér til að trúa og skrasetja eftir kviksögum einum, að heil þjóð, sem játar sömu trúarbrögð og hann sjálfur, væri svo undantekningarlaust sokkin niður í næstum því alla hugsanlega lesti og ósiði, svo sem honum segist frá“.

Þrátt fyrir að Ólafur tæki upp hans kann fyrir landa sína og talaði gegn lygisögum útlendra ferðamanna vandaði hann íslensku bændastéttinni ekki kveðjurnar í ferðabók sinni, þar sem hann lýsir ófremdarástandi í íslenskum landbúnaði og sakar landa sína um vankunnáttu, dugleysi og þröngsýni. Viðtökur landsmanna við skrifum hans voru eftir því. Bændur héldu áfram að treysta fremur brjóstviti sínu en bókviti Ólafs.

Að framansögðu má sjá að margt er líkt með Ólafi og þróunarstarfsfólki nútímans. Hann var boðberi nýrrar tækni og aðferða sem áttu að geta nýst hinum fátæku til að breyta aðstæðum sínum og draga úr fátækt þeirra. Aftur á móti



Í dagsins önn. Mynd frá Monkey Bay í Malaví.  
Ljós.: Gunnar Salvarsson

tókst honum ekki, fremur en mörgum sem nú starfa að þróunarmálum í Afríku, að vinna með bændum, deila hugmyndum sínum með þeim og hlusta á röksemdir þeirra. Þetta er vandamál í þróunarsamvinnu sem margir hafa reynt að leysa. Sannleikurinn er það sem við trúum að sé rétt hverju sinni. Trú fólks virðist erfitt að breyta, hvort sem hlut eiga að máli vestrænt þróunarstarfsfólk eða fátækir bændur í þorpum heimsins. Ólafur fékk landsmenn sína ekki til að fylgja þeim ráðum sem hann gaf, sjálfsagt vegna vissu hans um að hann hefði rétt fyrir sér og vegna þess að hann gerði lítið úr trú íslensku bændastéttarinnar og vinnubrögðum hennar, eins og fram kemur í skrifum hans.

Nú líta flestir svo á að til að ná árangri þurfi þróunaraðstoð að vera veitt á forsendum þeirra sem eiga að taka við henni og lögð er áhersla á þróunarsamvinnu í orði og verki. Þar eiga hinir fátæku að hafa rödd og áhrif á það sem gert er. Þrátt fyrir mikil fræðiskrif um fátækt á heimsvísu og vandamál tengd henni hafa raddir og sjónarmið hinna fátæku hingað til ekki verið áberandi. Það má því segja að hinir fátæku tilheyri hópi sem mikið er til umræðu án þess að sérstaklega sé hlustað á hann.

## Baráttan við fátækt heldur áfram

Heimur, laus við fátækt og þá eynd sem henni fylgir, hefur lengi verið baráttumál og markmið Sameinuðu þjóðanna. Nú orðið eru flestir sammála um að lykilatriði í baráttunni gegn fátækt sé að veita þeim fátæku ný tækifæri. Reynt hefur m.a. verið að aðstoða fátækar þjóðir við að finna leiðir til að örva hagvöxt, gera markaði aðgengilegri fyrir fátæka og fjölga úrræðum þeirra með því að veita þeim aukinn aðgang að menntun og heilsugæslu. Þrátt fyrir margvíslegar aðgerðir til að draga úr fátækt lifir enn í dag rúmlega einn milljarður manna undir fátæktarmörkum og tæpir tveir milljarðar í viðbót við aðstæður sem flokka má sem fátækt.

Á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna árið 2000 var þúsaldaryfirlýsingin samþykkt en í henni heita leiðtogar heimsins því að berjast fyrir auknu frelsi, jafnrétti, lýðræði og jöfnuði í heiminum. Í yfirlýsingunni eru lögð fram átta markmið sem ná skal fyrir árið 2015 og það fyrsta er að berjast gegn fátækt og hungri í heiminum. Stefnt er að því á árabílinu 1990-2015 að minnka um helming hlutfall þeirra sem lifa á minna en einum Bandaríkjadal á dag og hlutfall þeirra sem þjást af hungri. Þúsaldarmarkmiðin hafa verið sett og sú ábyrgð hvílir á þjóðum heims, jafnt ríkum sem fátækum, að leggja sitt af mörkum til að stuðla að því að markmiðin náist.

## Heimildir

- Alþjóðabankinn (2001). *World Development Report 2000/2001: Attacking Poverty*. New York: Oxford University Press.
- Chambers, Robert (2003). *Whose Reality Counts? Putting the First Last*. London: ITDG Publishing.
- Edelman, Marc og Angeliqve Haugerud (ritstj.) (2005). *The Anthropology of Development and Globalization: From Classical Political Economy to Contemporary Neoliberalism*. Oxford: Blackwell Publishing.
- Efnahags- og framfarastofnunin (OECD). Poverty Reduction. Skoðað 7. apríl 2007 á [http://www.oecd.org/department/0,2688,en\\_2649\\_34621\\_1\\_1\\_1\\_1\\_1,00.htm](http://www.oecd.org/department/0,2688,en_2649_34621_1_1_1_1_1,00.htm)
- Hagberg, Sten (2001). *Poverty in Burkina Faso: Representations and Realities*. Uppsala: ULRicA.
- Ólafur Olavíus (1964). *Ferðabók I* (Steindór Steindórsson frá Hlöðum þýð.). Reykjavík: Bókfellsútgáfan. (Frumútgáfa 1779).
- Sachs, Jeffrey D. (2005). *The End of Poverty*. London: Penguin Group.

## MAGRÉT EINARSDÓTTIR OG PÉTUR WALDORFF

- Sameinuðu þjóðirnar (2006). *The Millennium Development Goals Report 2006*. United Nations. Skoðað 9. apríl 2007 á <http://mdgs.un.org/unsd/mdg/Default.aspx>
- Seabrook, Jeremy (2003). *The No-Nonsense Guide to World Poverty*. London: Verso.
- Sen, Amartya (1984). *Resources, Values and Development*. Oxford: Basil Blackwell.
- Thomas, Alan (2000). Poverty and the end of development. Í A. Thomas og T. Allen (ritstj.), *Poverty and Development Into the 21st Century* (bls. 3-22). Oxford: Oxford University Press.
- Townsend, Peter (1979). *Poverty in the United Kingdom*. Harmondsworth: Penguin.
- Þróunarstofnun Sameinuðu þjóðanna (UNDP) (2002). *Human Development Report 2002: Deepening Democracy in a Fragmented World*. New York: Oxford University Press. Skoðað 7. apríl 2007 á <http://hdr.undp.org/reports/global/2002/en/>
- (2006). *Human Development Report 2006: Beyond Scarcity: Power, Poverty and the Global Water Crisis*. Skoðað 7. apríl 2007 á <http://hdr.undp.org/hdr2006/statistics>